

um samþykt um veiði í Drangey.

(Eins og þau voru samþ. í Ed. 7. ágúst).

1. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist heimild til að gera samþykt um veiði í Drangey, á þann hátt og með þeim skilyrðum, er fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Þá er sýslunefnd hefir gert frumvarp til samþyktar samkvæmt 1. gr., skal oddviti hennar kveðja til fundar á þeim stað, er sýslunefnd til tekur, alla hjeradsbúa, þá er atkvæðisrjett eiga í sveitamálum. Oddviti stýrir fundinum eða sá maður, er hann kveður til þess.

3. gr.

Á samþyktarfundi leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, er sýslunefndin hefir gert. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með $\frac{2}{3}$ atkvæða, sendir sýslunefndin það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það efnisbreytingar, ef sýslunefnd felst á þær. En ef sýslunefnd vill ekki fallast á breytingartillögur, er samþyktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt að efni með $\frac{2}{3}$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

4. gr.

Nú er gerð samþykt eins og að framan er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bág við lög eða grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, og er samþykkin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum stjórnarinnar. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi.

Staðfestri samþykt má breyta á sama hátt og hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ákveða um eftirlit, er nauðsynlegt þykir til þess að ákvæða hennar sje gætt, og hvernig kostnað við það skal greiða.

Fyrir brot gegn löggiltri samþykt má ákveða sektir, alt að 200 krónum, er renni í sýslusjóð. Mál, sem rísa út af tjeðum brotum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.